

Tímamót í menntamálum

Ný lög um fjögur skólastig og menntun ráðningu kennara samþykkt á Alþingi

Í síðustu viku urðu tímamót í sögu íslenska menntakerfisins þegar ný lög um þrjú skólastig, leik-, grunn- og framhaldsskóla, ásamt lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda voru samþykkt á Alþingi. Einnig voru þá samþykkt lög um opinbera háskóla en þau mynda ásamt lögum um háskóla, sem sett voru árið 2006, ramma um háskólastigið. Lögin biða nú þess að verða send forseta til undirritunar og til birtingar í Stjórnartíðindum.

Gert er ráð fyrir því að lögin um leikskóla, um grunnskóla og menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla taki gildi 1. júlí næstkomandi en lög um framhaldsskóla 1. ágúst næstkomandi. Á vegum menntamálaráðuneytis er hafin umfangsmikil vinna við innleiðingu laganna þar sem áfram verður haldið á þeirri braut að eiga sem best samráð við þá sem framkvæmd laganna varðar. Þar ber hæst vinna við setningu reglugerða við lögin og endurskoðun aðalnámskrár fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.



Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda

Við fyrstu og aðra umræðu frumvarpsins voru lagðar til nokkrar breytingar er meðal annars leiddu af nýgerðum kjarasamningi [Launanefndar sveitarfélaga](#) og [Kennarasambands Íslands](#) vegna grunnskólakennara. Hægt er að kynna sér nánar álit menntamálanefndar um frumvarpið á heimasíðu Alþingis www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=135&mnr=288.

Lög um leikskóla

Meðal þeirra breytinga sem Alþingi gerði á frumvarpinu var að gera ráð fyrir því að starfshættir leikskóla taki einnig mið af „kristinni arfleið íslenskrar menningar“. Þá voru gerðar breytingar er vörðuðu starfsfólk leikskóla og sérfræðipjónustu. Hægt er að kynna sér nánar ítarlegt álit nefndarinnar á heimasíðu Alþingis: www.althingi.is/altext/135/s/1011.html og einstakar breytingartillögur nefndarinnar: www.althingi.is/altext/135/s/1012.html.

Lög um grunnskóla

Alþingi samþykkti einnig eftir ítarlega umfjöllun menntamálanefndar breytingar á frumvarpinu er vörðuðu meðal annars markmiðsgrein laganna með sama hætti og í lögnum um leikskóla. Einnig voru gerðar breytingar er vörðuðu starfsfólk grunnskóla, þar með talin ákvæði um endurmenntun, samsetningu skólaráðs með fullri þátttöku nemenda, sérfræðipjónustu og nemendur með sérþarfir, auk breytinga á framsetningu einstakra greina. Hægt er að kynna sér nánar ítarlegt álit nefndarinnar á heimasíðu Alþingis: www.althingi.is/altext/135/s/1007.html og einstakar breytingartillögur nefndarinnar: www.althingi.is/altext/135/s/1008.html.

Lög um framhaldsskóla

Við umfjöllun Alþingis voru samþykktar breytingar á frumvarpinu eftir ítarlega umfjöllun menntamálanefndar er vörðuðu meðal annars hlutverk framhaldsskólans að stuðla að jafnrétti. Einnig var breytt ákvæðum um starfsfólk framhaldsskóla, um störf og starfshætti starfsgreinaráða og hlutverk nemendafélaga og framsetningu einstakra greina. Hægt er að kynna sér nánar ítarlegt álit nefndarinnar á heimasíðu Alþingis: www.althingi.is/altext/135/s/1009.html og einstakar breytingartillögur nefndarinnar: www.althingi.is/altext/135/s/1010.html.

Kynningar og innleiðing laganna

Á vegum menntamálaráðuneytis er hafin undirbúningur að kynningu og innleiðingu laganna. Stendur ráðuneytið fyrir Menntaþingi föstudaginn 12. september nk. þar sem lögin verða kynnt sérstaklega og fyrirhuguð framkvæmd þeirra en kynningarbréf verður sent fljótlega um þingið.

Á vefsíðunni www.nymenntastefna.is er hægt að nálgast frumvörpin í heild sinni og ýmislegt sem tengist lagavinnunni. Á næstunni verður unnt að nálgast upplýsingar um einstök atriði er varða undirbúning og kynningu við innleiðingu laganna og framkvæmd þeirra. Þegar er unnt að beina fyrirspurnum til ráðuneytisins í gegnum þann vef varðandi einstök atriði.

Gert er ráð fyrir því að á vefsvæðinu verði meðal annars unnt að nálgast upplýsingar um kynningar og samráðsfundi, vinnu við setningu reglugerða í kjölfar setningar laganna, endurskoðun aðalnámskrár og áætlun um einstök stuðningsverkefni vegna innleiðingar laganna og framkvæmd þeirra.

Heimsókn til verðlaunahafanna á leikskólanum Tjarnarseli

Mánudaginn 2. júní fóru fulltrúar frá [Heimili og skóla](#) – landssamtökum foreldra ásamt nokkrum fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu í heimsókn í [leikskólann Tjarnarsel](#) í Reykjanesbæ en leikskólinn fékk Foreldraverðlaun Heimilis og skóla í ár fyrir verkefni sem byggir á því að skipuleggja lestrarhvetjandi umhverfi allt frá því að nemendur hefja leikskólagönguna. Megin áhersla er á gott aðgengi að bókum, með bókailestri og hvatningu kennara.



Síðastliðin fimm ár hefur elsta árganginum í leikskólanum verið boðið, í lok leikskólavalar, upp á tíu vikna lestrar- og skriftarnámskeið sem enn er að þróast og taka breytingum með reglulegu endurmati og þátttöku starfsfólks leikskólans.

Þessi heimsókn fulltrúa menntamálaráðuneytis og Heimilis og skóla til að kynna sér þau verkefni er hljóta verðlaun samtakanna er nýbreytni og var gerður góður rómur af þessu framtaki og er kjörð tækifæri að kynna nánar starfsemi verðlaunaskólans. Langtímamarkmið með lestrar- og skriftarhvetjandi umhverfi í leikskólanum Tjarnarseli er að draga úr sérkennslu og stuðningi í grunnskóla vegna lestraröruggleika. Markmið er að bjóða leikskólanemendum upp á leik- og námsskilyrði sem styrkja sjálfmynd og sjálfstraust þeirra og nýtist nemendum við upphaf grunnskólagöngu og í náinni framtíð. Einnig er eitt af megin markmiðum verkefnisins að draga úr kvíða foreldra fyrir komandi grunnskólagöngu. Áhersla er lögð á að upplýsa foreldra um framvindu námsins svo þeir geti stutt börnin sín og leikskólann sem best.

Stjórn Foreldrafélags leikskólans Tjarnarsels tilnefndi starfsfólk skólans vegna þessa verkefnis til Foreldraverðlauna Heimilis og skóla.

